

Borgarráð

Stýrihópur og ráðgjafahópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

Drög að erindisbréfi stýrihóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg er lagt fram til staðfestingar borgarráðs. Óskað er eftir að borgarráð tilnefni þrjá fulltrúa í stýrihópinn sem ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingunni hjá fagsviðum og miðlægum skrifstofum Reykjavíkurborgar. Einnig eru lögð fram til kynningar drög að erindisbréfi ráðgjafahóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Þann 18. janúar 2018 var samþykkt tillaga í borgarráði um að fela sviðsstjórum ábyrgð á innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar í þeim tilgangi að hraða þessari innleiðingu sem staðið hefur frá árinu 2011. Samþykkt var að skipað yrði teymi á hverju sviði sem hafa myndi umsjón með innleiðingu verkefnisins. Í umfjöllun um málið kom fram hugmynd um stofnun pólitísku stýrihóps sem skilgreini framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið Reykjavíkurborgar í þessi verkefni og hafi eftirlit með framkvæmdinni þvert á borgina. Þá er gert ráð fyrir að stýrihópurinn geti kallað eftir gögnum um framvindu verkefnisins og geri borgarráði reglubundið grein fyrir stöðunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Drög að erindisbréfi ráðgjafahóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Erindisbréf

Ráðgjafahópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjóri.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að samhæfa framkvæmdina og vera ráðgefandi gagnvart stýrihópi um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS). Ráðgjafahópurinn er jafnframt tengiliður milli stýrihóps og starfshópa á fagsviðum og miðlægri stjórnsýslu.

Fulltrúar í ráðgjafahópi:

Fjármálastjóri.

Mannréttindastjóri.

Fjármálastjóri og mannréttindastjóri skipta með sér formennsku eitt ár í senn.

Fulltrúar mannréttindaskrifstofu, fjármálaskrifstofu og mannauðsdeildar Ráðhúss.

Fulltrúar fagsviða.

Verkefnastjóri:

Freyja Barkardóttir, fjármálaskrifstofu.

Helstu verkefni:

- Þróa aðferðir og verklag við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerð.
- Vinna áætlun um skráningu, varðveislu og aðgangsstýringu kyngreindra tölfraði gagna í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) og stýrihóp KFS.
- Kynna kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð með fræðslu og efla tengsl við aðra sem vinna að kynjuðum fjármálum.
- Veita sviðsstjórum og starfshópum KFS á sviðunum ráðgjöf og stuðning við gerð undirmarkmiða, mælikvarða og aðferðafræði við innleiðingu.
- Taka saman greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og uppgjörum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Tölfraði- og greiningadeild SBB.

Verkefnisstjórn fjármálaráðuneytis um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð.

Ytri ráðgjafar.

Starfstími starfshóps:

Ráðgjafahópurinn er skipaður til ársloka 2019 og verður skipan hans og verkefni endurskoðuð að þeim tíma loknum

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

Erindisbréf

Stýrihópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá fagsviðum, miðlægum skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar. Einnig ber hann ábyrgð á að setja fram hugmyndir um aðferðafræði til að nýta við innleiðingu og að fylgja innleiðingunni eftir.

Verkefni:

- Skilgreina hvert Reykjavíkurborg á að stefna í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- Skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið Reykjavíkurborgar og tengja innleiðinguna við aðra stefnumótun, þ.á m. mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar.
- Setja fram hugmyndir um aðferðafræði við innleiðingu.
- Kalla eftir stöðuskýrslum frá sviðum og miðlægum skrifstofum um framkvæmdina, þ.e. setningu undirmarkmiða, gerð innleiðingaráætlunar og framvindu verkefnisins.
- Fara yfir árlega aðgerðaráætlun í verkefninu, sem unnin er af ráðgjafahópnum og verkefnisstjóra, og koma með ábendingar.
- Gera borgarráði reglulega grein fyrir framvindu verkefnisins í tengslum við 6 mánaða uppgjör og ársuppgjör.

Stýrihópurinn skipa:

Þrjú fulltrúar tilnefndir af borgarráði.

Verkefnisstjóri:

Verkefnisstjóri kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Ráðgjafahópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (starfshópur).

Mannréttindaskrifstofa.

Fjármálaskrifstofa.

Ytri ráðgjafar.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson